

ingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson' og málaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför aðlögum.

Mánudaginn 10. júlímánaðar.

Nr. 14/1893:

Rjettvísni

gegn

Árna Á. Þorkelssyni, Pjetri
Pjeturssyni og Frímanni
Björnssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, 5. sept. f. á., hafa hinir ákærðu sóknarnefndarmenn í Holtastaðasókn í Húnavatnsprófastsdæmi, bændurnir Árni Á. Þorkelsson á Geitaskarði, Pjetur Pjetursson á Gunnsteinstöðum og Frímann Björnsson í Hvammi, í máli, er höfðað hafði verið gegn þeim eptir fyrirlagi landshöfðingjans samkvæmt 143. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, fyrir tráss og vanrækslu í stöðu sinni sem sóknarnefndarmenn, verið dæmdir í 20 kr. sekt hver til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af málinu gegn þeim leiddan og leiðandi kostnað. En dómi þessum er eptir ósk hinna ákærðu og af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Við vísitazíu að Holtastöðum 8. ágúst 1889 fyrir

skipaði hlutaðeigandi prófastur endurbyggingu kirkjunnar þar, sem er bændakirkja, og uppálagði hlutaðeigandi sóknarnefnd að hlutast til um, að grunnmúr yrði gjörður undir kirkjuna og efni heimflutt til hennar. Máli þessu var þó ekki skeytt að neinu, hvorki af kirkjueigendum nje af sóknarnefnd, og aðvaraði þá prófastur næsta haust eptir kirkjueigendurna um, að láta eigi lengur dragast að byggja kirkjuna og hafa allt tilbúið til þess hún yrði byggð á næsta vori og sumri (1891), og jafnframt skoraði hann með brjefi 19. ágúst 1890 á sóknarnefnd Holtastaðasóknar, hina ákærðu í máli þessu, að láta samkvæmt viðaukalögum 12. maí 1882 við lög 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála o. s. frv., taka upp nægilegt grjót í grunnmúr og færa það heim á næsta vetri (18^{90/91}) og jafna niður á sóknarmenn að flytja efni til kirkjunnar samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Á áliðnum vetri 18^{90/91} virðast nú kirkjueigendur hafa pantað við og efni til kirkjunnar til næsta sumars, en sóknarnefndin sinnti ekki í neinu greindu brjefi prófastsins þangað til um vorið 1891, eptir að prófastur hafði kvatt hana á fund með sjer til að fá hana til að gegna skyldu sinni eða koma á samkomulagi í málinu; þá stefndi hún til safnaðarfundar 17. apríl, og skýrði sóknarmönnum frá kröfu prófastsins, og var það þá samhuga álit manna á fundinum, að neita algjörlega fyrirælum prófastsins, af þeim ástæðum, sem sóknarnefndin færði til fyrir aðgjörðarleysi sínu í málinu, og var hin helzta sú, að sóknarmönnum bæri eigi að lögum skylda til að inna af hendi *alla* þá skylduvinnu að kirkjubyggingunni, er prófastur fór fram á. Eptir að hafa leitað úrskurðar biskups, skipaði prófastur þá enn á ný sóknarnefndinni með brjefi 20. maí

1891, að láta fyrir næsta haust taka upp grjótt í grunnmúr undir kirkjuna, en bæði þetta brjef og einnig áskorunarbrjef frá amtmanni, sem biskupinn hafði fengið til að skerast í málið, varð árangurslaust. Frá því um vorið 1891, í aprílmánudi, hafði sóknarnefndin gjört nokkrar tilraunir til að ná samkomulagi við kirkjueigendurna um skylduvinnuna af hendi sóknarmanna, og hafa kærðu borið það fyrir sig til varnar, að þeir hafi eptir undirteknum annars kirkjueigandans og kirkjustjórnarinnar haft von um, að kirkjan myndi kosta nokkurn hluta af grunnmúrshleðslu og efnisaðflutningi. En í janúarmán. 1892 neituðu kirkjueigendur skýlaust allri tilslökun í þessu efni, og jafnaði sóknarnefndin, þegar er hún fjekk vitneskju um þetta, niður á bændur vinnunni að grunnmúrshleðslu undir kirkjuna og þriðjung af vinnu að efnisaðflutningi, en tók það fram á niðurfjöfnunarskránni, að ef nokkrir væru, sem fyndu hvöt hjá sjer að flytja að allt efni kirkjunnar, gætu þeir af niðurfjöfnuninni sjálfir sjeð, hvað þeim bæri í því tilliti með því að margfalda hestburði sína með 3. En nokkru áður en niðurfjöfnun þessi fór fram eða 12. desember f. á. hafði landshöfðingi skipað hlutaðeigandi amtmanni að hefja rannsókn og höfða sakamál gegn sóknarnefndinni, hinum ákærðu.

Eins og áður er ávíkið er sóknarnefndum með viðaukalögum 12. maí 1882 gjört að skyldu að jafna niður skylduvinnu þeirri, sem sóknarmenn eiga að leggja til, þegar byggð er kirkja eða kirkjugarður, en samkvæmt tilskipun 17. júlí 1782, 15. gr., sbr. brjef kirkju- og kennslumálastjórnarinnar 25. sept. 1850, eru sóknarbændur skyldir til að taka upp og flytja að grjótt í grunn og að flytja efni til kirkjubyggingar. Þar sem

nú sóknarnefndin hefur, eins og frá er skýrt hér að framan, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og fyrirskipanir rjetttra hlutadeigenda af ásettu ráði látið fyrirfarast að rækja ámiunzta skyldu sína — en það getur eigi orðið hinum ákærðu til málsbóta, þótt þeir þykist hafa álitid, að skylda sóknarmanna í þessu efni eigi væri svo viðtæk, eins og farið er fram á — verður rjetturinn að vera hjeraðsdómaranum samdóma um það, að hinir ákærðu hafi gjörzt brotlegir samkvæmt 143. sbr. 145 gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að sektarákvæði og málskostnaðarfyrirmæli undirrjettardómsins þykja hæfileg, ber að staðfesta tjeðan dóm í heild hans. Hinum ákærðu ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákvedast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmet.

Því dæmist jett að vera:

Hinn áfrýjandi aukarjettardómur á að vera óraskadur. Hinir ákærðu sóknarnefndarmenn, Árni Þorkelsson, Pjetur Pjetursson og Frimann Björnsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málsfærslumanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.